

Mál nr. 85/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar skautahallar.****Ágreiningur um bótaskyldu er kona fell á skautasvelli.****Gögn.**

23. Málskot, móttækið 26.2.2013, ásamt fylgigögnum.

24. Bréf X, dags 11.3.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 7.3.2012 var M) á skautum í skautahöllinni V. Datt hún þá aftur fyrir sig á hnakkann og missti meðvitund. Í skýrslu lögreglu um slysið kemur fram að M hafi verið hjálmlaus inni á svellinu, en samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum V sé ekki skylda að vera með hjálm á svellinu en það séu vinsamleg tilmæli til fólks að nota slíka öryggisbúnað við skautaiðkun. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum frá V voru öryggishjálmar til staðar í skautahöllinni og notkun þeirra hafi verið ókeypis.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af fyrirbyggjandi gögnum verður ekki ráðið að slysið verði rakið til skorts á öryggisbúnaði af hálfu V, saknæmrar háttsemi starfsmanna V, vanrækslu af hálfu V við eftirlit með því sem fram fór á skautasvelli, eða annarra atvika sem leitt getur til skaðabótaábyrgðar V á slysinu. Af því leiðir að M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X vegna þess líkamstjóns sem hún hlaut við slysið.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 9. apríl 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.